



Reykjavík, 12. febrúar 2024

MSS24020055

Eir, hjúkrunarheimili

Lagt fyrir fund öldungaráðs 14. febrúar 2024

Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra 2024

Umsögn vegna umsóknar Eirar í Framkvæmdasjóð aldraðra:

1. Endurnýja gólfefni 1 hæð A húsi. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 66819391,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 26.727.756,-
2. Endurbæta baðherbergi Eir og gera þau sturtuhæf. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 104.137.420,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 41.654.968,-
3. Endurnýja gólfefni í B húsi 1., 2. & 3. hæð. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 90.543.957,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 36.217.583,-
4. Breyting á eldhúsi/setustofu í B-húsi í hjúkrunarrými. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 39.209.889,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 15.683.956,-
5. Breyta íbúðum Eirarholt í hjúkrunarrými. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 28.584.610,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 11.433.844,-
6. Endurbæta sameiginlega baðaðstöðu 1. hæð Eirarholt. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 5.902.542,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 2.361.017,-
7. Betrumbæta setustofu Eirarholts. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 19.954.844,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 7.981.938,-



Reykjavík



8. Uppfæra Bítibúrin á 2. 3. & 4. hæð A hús. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 9.078.090,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 3.631.236,-

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Nánar er kveðið á um hlutverk sjóðsins í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Verkefnin sem hér um ræðir varðar nauðsynlegar endurbætur og stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Öldungaráð Reykjavíkurborgar sér því ekkert því til fyrirstöðu að verkefnin hljóti styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

